

Costa og Pavan gegn Ítalíu

Dómur frá 28. ágúst 2012

Mál nr. 54270/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Bann við vali á fósturvísunum. Heilsufarsástæður. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærendur, Rosetta Costa og Walter Pavan, eru ítalskir ríkisborgarar, fædd 1977 og 1975 og búsett í Róm. Árið 2006 eignuðust þau dóttur með slímseigjusjúkdóm og komust þá að því að þau voru heilbrigðir arfberar sjúkdómsins. Þegar Rosetta varð aftur þunguð árið 2010 létu þau taka sýni úr fóstρινu og reyndist það með sjúkdóminn. Fékk Rosetta fóstureyðingu af læknisfræðilegum ástæðum.

Hjónin vilja nú eignast barn með glasafríjvgun og erfðafræðilegri skimun fósturvísisins áður en honum er komið fyrir í móðurinni (vali fósturvísa), en slíkt er bannað samkvæmt ítölskum lögum. Glasafríjvgun er þó leyfð séu hjón ófrjó eða gangi karlmaðurinn með sjúkdóm sem getur smitast við kynmök, t.d. alnæmi eða lifrabólgu B eða C.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, enda væri eina leið þeirra til að eignast barn án slímseigjusjúkdóms að hefja meðgöngu á náttúrulegan hátt og binda enda á hana svaraði fósttrið jákvætt prófi fyrir sjúkdómnum. Á grundvelli 14. gr. sáttmálans töldu þau sér mismunað miðað við hjón sem annaðhvort væru ófrjó eða karlmaðurinn gengi með sjúkdóm sem gæti smitast við kynmök.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að ósk kæranda um lækniáðstoð við getnað og fósturvísaval í því skyni að eignast barn sem þjáðist ekki af slímseigjusjúkdómi félli undir gildissvið 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Röksemdir ítalska ríkisins fyrir banninu við vali fósturvísa var að þörf væri á að vernda heilsu móður og barns, reisn og samviskufrelsi læknastráttarinnar og sporna við hættu á misnotkun til kynbóta manna.

Dómstóllinn benti á að reyndist fóstur vera með sjúkdóminn væri torséð hvernig fóstureyðing gæti samrýmst röksemdum ríkisins þegar litið væri m.a. til afleiðinga aðgerðarinnar bæði fyrir fósttrið og foreldrana, einkum móðurina. Dómstóllinn benti á að í flestum aðildarríkjum Evrópuráðsins væri fósturvísaval heimilað og aðeins bannað á Ítalíu, í Austurríki og Sviss. Benti hann á að ósamræmið í ítölskum lögum, þ.e. að bannað væri að velja heilbrigða fósturvísa en leyft væri að eyða fósturum sem hefðu sjúkdóminn. Afleiðing þess væri að kærendum væri sú ein leið fær að hefja meðgöngu á náttúrulegan hátt og binda enda á hana, leiddi prófun í ljós sjúkdóminn hjá fóstρινu. Þeim kosti fylgdi angist og þjáningar. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að réttur kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hefði verið skertur án þess að meðalhófs væri gætt, en það bryti gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Dómstóllinn benti á að mismunurinn í skilningi 14. gr. sáttmálans fæli í sér mismunandi meðferð á fólki í sambærilegum aðstæðum án hlutlægrar og málefnalegar réttlætningar. Í þessu sambandi benti dómstóllinn á að ekki færi á annan veg um aðgang að vali fósturvísa fyrir hjón þar sem karlmaðurinn gengi með sjúkdóm, sem gæti smitast við kynmök, en fyrir kærendur, enda tæki bannið til allra flokka fólks. Var þessum hluta kærunnar því vísað frá sem augljóslega illa grunduðum.

Kærendum voru dæmdar 15.000 evrur í miskabætur og 2.500 evrur í málskostnað og útlagðan kostnað.